

## Umhverfisstefna spítalans kynnt

Mánudaginn 12. nóvember var metnaðarfull umhverfisstefna Landspítala kynnt opinberlega ásamt starfsáætlun umhverfismála fyrir árin 2012 til 2013. Mótun stefnunnar byggir á mikilli vinnu innan spítalans og fjöldi starfsmanna kom að henni, veitti upplýsingar og kom með ábendingar og tillögur. Einnig voru gerðar greiningar og úttektir sem byggt var á.

Landspítali er einn stærsti vinnustaður landsins og starfsemi hans hefur mikil áhrif á bæði umhverfi og samfélag. Það er hluti af samfélagslegri ábyrgð Landspítala að þekkja vel þessi áhrif og vinna að því að þau séu sem jákvæðust. Til þess var sérstaklega horft við mótun umhverfisstefnunnar og starfsáætlunar umhverfismála.

Umsjón með mótun, framkvæmd og eftirfylgni stefnunnar hvílir að miklu leyti á rekstrarsviði. En hvað þýðir þessi stefna fyrir okkur sem starfsmenn spítalans? Til þess að komast að því ræddi Skeytið við Birnu Helgadóttur, verkefnisstjóra umhverfismála.

„Málið er að við verðum ekki umhverfisvæn allt í einu einn daginn, þetta er langt ferli og við höfum ákveðið að taka þetta í litlum, einföldum og þægilegum skrefum,“ segir Birna. „Við erum að flokka töluvert í dag en forgangsverkefnið til að byrja með verður að koma upp betri aðstöðu til flokkunar á öllum deildum spítalans. Ég býst við að upp úr áramótum verði farið inn á deildir og sett upp hentug og vel merkt flokkunarílát í samráði við starfsfólk. Við munum byrja á að bæta tveimur flokkum við til að byrja með; „Plastílát og -umbúðir“ (mjúkt og hart plast) og „Blandpappír, pappi og fernur“. Fyrst þurfum við þó að huga að gámamálum utanhúss, því við verðum að geta tekið við því sem deildirnar flokka. Við erum að vinna í því þessa dagana.“

En hvað um samgöngumál? Nú eru þau hluti af umhverfisstefnunni. Eigum við öll að byrja að hjóla í vinnuna? „Nei nei, það er alls ekki þannig,“ segir Birna. „Það sem við leggjum áherslu á þar er að reyna að auðvelda starfsfólki að nota umhverfisvæna ferðamáta en samkvæmt könnun eru mjög margir sem geta hugsað sér að koma með öðrum hætti til vinnu en á bíl. Við erum þegar byrjuð að bæta aðstöðu hjólréiðafólks, t.d. með því að endurbæta og fjölga hjólréiðagrindum og munum leggja



aukna áherslu á að þær séu sem næst inngöngum. Einnig erum við að byrjuð að skoða hvort við myndum bjóða upp á samgöngustyrk og hvernig hann gæti verið útfærður.“

Nú eru margir mjög áhugasamir um þessi mál innan spítalans. Hvað geta þeir gert til að aðstoða við að gera spítalann umhverfisvænni? „Já, það er rétt, það eru margir mjög áhugasamir um þessi mál og hafa beðið umhverfisstefnunnar með óþreyju,“ segir Birna. „Ef fólk hefur t.d. hugmyndir um hvernig við getum minnkað notkun á einnota vörum, varasömum efnnum eða öðru sem ekki telst umhverfisvænt, þá tökum við slíkum ábendingum fegins hendi. Hafa má beint samband við mig með svoleiðis hugmyndir. Gaman væri líka að heyra af góðum dæmum um umhverfisvænar aðgerðir á deildum. Einnig vil ég hvetja áhugasama um að taka vel á móti þessum nýjungum, t.d. varðandi flokkun, sem koma smátt og smátt á næstunni og vera öðrum góðar fyrirmyndir og hvatning í þessum málum. Það er gleðilegt að umhverfisstefnan hefur þegar vakið mikla athygli í þjóðfélaginu og það er ljóst að það er litið til okkar sem fyrirmyndar í þessum efnnum. Ég held að það sé afar jákvætt fyrir okkur starfsfólkið að okkur gefist tækifæri til að taka þátt í að vera sú fyrirmynd.“

Áhugasamir geta sent hugmyndir á Birnu á netfangið birnahel@landspitali.is og nálgast upplýsingar um umhverfisstefnuna á [www.lsh.is](http://www.lsh.is).

## Sérðu mig í lit?

Það vita það kannski ekki margir að Jón Þór Ólafsson, verkstjóri sjúkl-ingaflutninga á Hringbraut, er tónlistarmaður mikill, enda er hann ekki mikið að flíka því í vinnutímanum. Þeir sem fylgjast vel með tónlistarsenunni á landinu kannast þó vel við Jón Þór. Hann var t.d. gítarleikari og söngvari hinnar sálugu hljómsveitar Lada Sport, en var einnig í hljómsveitunum Dynamo Fog og Isidor.

Jón var núna á dögnum að senda frá sér fyrstu sólóplötu sína; "Sérðu mig í lit?", sem hefur fengið góðar

viðtökur. Dr. Gunni segir m.a. "hér er kraftgallapoppbrokkad af miklu öryggi og er ljómandi skemmtilegt og hress. Titillagið steinliggur með rjómariffum og saxófónatexta". Jón sjálfur segir að platan innihaldi kraftmikið popprokk. Textana segir hann vera úr ýmsum áttum en þeir fjalli aðallega um ýmis blæbrigði næturlífsins. Auk þess að syngja spilar Jón Þór á alla gítara á plötunni og ýmis aukahljóðfæri eins og slagverk og orgel.

Jón gefur plötuna út sjálfur og að hans sögn þá er það lítið mál nú til dags, þó auðvitað taki maður meiri fjárhagslega áhættu með því að gefa út sjálfur. Nánast allur kostnaðurinn felst í stúdíótímunum en galdurinn felst í að vinna þetta bara eins og veskið leyfir hverju sinni og taka sér tíma í þetta. Platan var enda búin að vera um þrjú ár í vinnslu.

Hálfnað er verk þegar plata er komin á markað, segir máltækið, og því tók við grimmt tónleikahald þegar platan var komin út. Á Iceland Airwaves hélt Jón t.d. hvorki fleiri né færri en níu tónleika til að kynna sig og plötuna.

Áhugasamir geta nálgast plötuna í öllum plötubúðum, á tonlist.is, gogoyoko.is og hjá Jóni persónulega.



## Haustferð viðhaldsdeildar



Viðhaldsdeild Landspítala fór þann 29. september í haustferð á svölum en mjög falletum haustdegi og skoðaði virkjanir á Hengils- og Sogssvæðinu.

Byrjað var á að fara í Helligsheiðavirkjun þar sem menn kynntu sér almennt kynningarefni um virkjunina, en fengu síðan skoðunarferð í fylgd stöðvarstjórans um vélasali og aðra afkima virkjunarinnar sem ekki eru opnir almenningi. Mjög áhugavert.

Þessu næst var ekið sem leið liggur austur yfir Helligsheiði og stoppað í Grímsnesinu þar sem boðið var uppá hressingu. Í Ljósafossvirkjum tóku á móti okkur starfsmenn Landsvirkjunar á svæðinu og sýndu virkjunina og inntaksmannvirkin gaumgæfilega.

Nesjavallavirkjun var næst á daskránni og við fengum leiðsögn um hana, bæði rafmagnsframleiðsluhlutann og heitvatnsframleiðsluhlutann.

Það er mjög áhugavert að bera saman þessar tvær tegundir virkjana; annars vegar gufuaflsvirkjanir og hins vegar vatnsaflsvirkjanir. Gufuaflsvirkjanirnar eru mun yngri mannvirki en eru mun flóknari og e.t.v. viðkvæmari en hinar eldri og kannski frumstæðari vatnaflsvirkjanir.

Að lokum bauð einn félagi okkar upp á heimsókn í sumarbústað sem hann á við Þingvallavatn og þar var í boði grillmat og önnur hressing.

## Nýjar fjölnota yfirbreiðslur

Í byrjun september hættu þvottahús, dauðhreinsun og birgðastöð að nota einnota yfirbreiðslur úr plasti og tóku þess í stað upp margnota yfirbreiðslur.

Nýju yfirbreiðslurnar uppfylla ströng skilyrði og eru úr sama efni og fjölnota skurðstofusloppar. Þær hafa reynst mjög vel, reynast léttari og þægilegri í meðförum en plastið og ekki þarf að líma þær niður eins og gera þurfti við plastið. Þannig er allt umstang í kringum þær minna. Ekki sakar heldur að notkun þeirra sparar okkur 6 m.kr. á ári og notkun á plasti minnkar auk þess um 10 tonn á ári.

